



Velferðarráðuneytið
b.t. Guðbjarts Hannessonar, velferðarráðherra
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 14. mars 2013
1301188 RE


Efni: Húsnæði St. Jósefsspítala, menningarhús í Hafnarfirði


Bygging St. Jósefsspítala hófst árið 1924 og var spítalinn vígður í september 1926. Að byggingu spítalans stóðu St. Jósefssystur en framkvæmdir voru að hluta fjármagnaðar með láni frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar. Nokkrum sinnum hefur verið byggt við spítalann t.d. árið 1953 og 1973 og loks síðar þegar nýtt andyri var byggt við aðalinngang spítalans. Rekstur spítalans var í höndum St. Jósefssystra allt til ársins 1978 þegar spítalinn var gerður að sjálfseignarstofnun. Árið 1987 keyptu Hafnarfjarðarbær og ríki allar eignir spítalans og ríkið tók yfir rekstur hans.

Síðari hluta árs 2011 var tilkynnt um lokun St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Mótmæltu bæjarfyrirvöld í Hafnarfirði þeirri ákvörðun, meðal annars á þeirri forsendu að hún væri þvert á áður gefin fyrirheit um að St. Jósefsspítali myndi, þrátt fyrir sameiningu spítalans og Landsspítala háskólasjúkrahúss, áfram gegna mikilvægu hlutverki í nærþjónustu við íbúa Hafnarfjarðar. Frá ársbyrjun 2012 hefur engin starfsemi verið í húsnæði St. Jósefsspítala og húsið því staðið autt um töluverða hríð. Á þeim tíma sem húsnæðið hefur staðið autt hafa verið unnin á því skemmdarverk, rúður verið brotnar og krotað á útveggi.

Frá lokun spítalans hefur verið í gildi óformlegt samkomulag milli eigenda hússins um að því verði ekki ráðstafað nema í góðri sátt beggja aðila. Hafa bæjaryfirvöld í Hafnarfirði litið svo á að ráðstöfun hússins verði að taka mið af þörfum nærsamfélagsins í Hafnarfirði og að það sé í raun sameiginlegt verkefni ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar að finna þessu sögufræga húsi verðugt hlutverk.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að starfsemi var hætt í húsinu hefur það verið kannað hvort húsnæðið henti undir starfsemi einhverra þeirra stofnana sem heyra undir ríkið en sú skoðun hefur ekki leitt af sér jákvæða niðurstöðu. Líta bæjaryfirvöld í Hafnarfirði því svo á að það sé útséð með að ríkið hyggist koma fyrir annarri starfsemi í húsinu í stað þeirrar sem fluttist til Reykjavíkur með sameiningu spítalanna.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	15.3.2013
Málsnr:	130/1188
Bréfal:	330



HAFNARFJÖRÐUR

Í viðtali sem birtist í Fjarðarpóstinum þann 24. janúar sl. kemur fram að velferðarráðherra hafi látið kanna hvort húsnæðið gæti hentað undir einhvern þann rekstur sem ríkið hefur með höndum á sviði velferðarmála en sú skoðun hafi ekki leitt til jákvæðrar niðurstöðu. Í viðtalinu lýsir ráðherra því jafnframt yfir að hann vilji stuðla að því að Hafnarfjarðarbær geti eignast húsnæðið ef vilji standi til þess og að hann hafi óskað eftir að bæjaryfirvöld komi með hugmyndir um hugsanlega starfsemi í húsinu.


Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa síðustu vikurnar átt í viðræðum við velferðarráðuneytið um aðkomu sveitarfélagsins að framtíðarnýtingu hússins. Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar þann 7. mars s.l. fól ráðið bæjarstjóra að að leita eftir formlegu samkomulagi við ríkið um framtíðarnýtingu húsnæðis St. Jósefsspítala í þágu íbúa Hafnarfjarðar.

Fjölmargar hugmyndir hafa komið fram um nýtingu St. Jósefsspítala. Lögð er áhersla á menningarlegt og sögulegt gildi spítalans og þýðingu hans fyrir íbúa bæjarins. Þær hugmyndir sem m.a. hafa komið fram um nýtinguna eru flestar tengdar listum og menningu. Þær eru meðal annars:

- Héraðsskjalasafn.
Í Hafnarfirði er ekki fyrir hendi héraðsskjalasafn og er orðið aðkallandi að leysa þau mál á viðundandi hátt. Kjallari St. Jósefss. gæti hæglega tekið við hlutverki skjalasafns fyrir sveitarfélagið.
- Kennsluhúsnæði fyrir Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.
Öflug starfsemi er í Tónlistarskólanum og hefur starfssemin aukist og blómstrað og er nú svo komið að þörf er á auknu kennsluhúsnæði fyrir skólann. Tónlistarskólinn er staðsettur í nágrenni St. Jósefss. og væri hentug lausn að hluti af kennslunni gæti farið þar fram.
- Tónlistardeild bókasafnsins
Tónlistardeildin yrði flutt í St. Jósefss. og myndi nýtast vel nemendum tónlistarskólans.
- Vinnuaðstaða fyrir myndlistarfólk
Hópur listamanna hefur í dag aðstöðu í húsnæði í eigu bæjarins en lengi hefur staðið til að rífa það hús.
- Kaffihús
Kaffihús/bókakaffi gæti rúmast vel í kapellu spítalans.

Jafnframt hefur verið rétt að kalla eftir hugmyndum frá íbúum um mögulega nýtingu húsnæðisins.

Óháð því hvaða starfsemi mun fara fram í húsnæðinu liggur fyrir að ráðast þarf í töluverðar endurbætur og breytingar á því. Hluti þess húsnæðis sem tilheyrði spítalanum, þ.e. Suðurgata 44, er almennt talið í svo lélegu ástandi að ekki sé hagkvæmt að gera á því þær endurbætur sem til þarf svo það geti talist nothæft.




HAFNARFJÖRÐUR

Áhersla er lögð á að Hafnarfjörður fái St. Jósefsspítala og tilheyrandi skipulagssvæði í næsta nágrenni til sinna umráða án endurgjalds. Suðurgata 44, sem stendur gegnt spítalahúsinu verði jafnframt rífið á kostnað ríkisins. Sveitarfélagið færi í endurskipulagningu á svæðinu og gæti nýtt andvirði lóðasölu til nauðsynlegra lagfæringa og breytinga á St. Jósefsspítala, með það að markmiði að það fái nýtt hlutverk sem menningarhús í hjarta bæjarins.

Er hér með óskað eftir formlegum viðræðum við ríkið um framtíðarnotkun fyrrgreindra fasteigna, með það að markmiði að skapa Hafnarfjarðarbæ raunhæfan grundvöll til að taka við umræddum fasteignum, koma þeim í nothæft ástand og glæða þær lífi í þágu nærsamfélagsins í Hafnarfirði.

Virðingarfyllst


Guðrún Ágústardóttir
bæjarstjóri